

Bréf til sveitarstjórnar Hornarfjarðar

Málsaðili : Skúli Gunnar Sigfússon
Tengiliður :
Dagsetning : 01.07.2019
Númer : 201907008
Flokkur : 10.62 Samgöngur innan sveitarfélags (t.d. almenningsamgöngur)

Efni :

Undirritaður telur mikilvægt að sveitarstjórn Hornarfjarðar taki afstöðu til þess hvort að farið verði fram á það við Vegagerðina að staldrað verði við með byggingu brúar yfir Fellsá og brúin færð 2-300 metrum neðar og þar með suður fyrir Hrollaugshóla. Kostirnir eru mjög margir til styttri og lengri tíma. Ef brúin verður byggð þar sem hún er núna, er það óafturkræf aðgerð næstu áratugina. Færsla brúarinnar kallar á nýjan veg á um 3,7 kílómetra kafla en styttir þjóðveginn og eykur umferðaröryggi. Það eru mikilvægir hagsmunir fyrir alla íbúa Sveitarfélagsins Hornarfjarðar og þar með þá sem kusu ykkar til ábyrgðarstarfa í þeirra þágu. Ég geri mér grein fyrir því að áhersla er eðlilega mikil á styttingu þjóðvegarins yfir Hornarfjarðarfljót en mikilvægi þeirrar aðgerðar þýðir ekki að veita eigi einhvern afslátt af öðrum nauðsynlegum og hagkvæmum aðgerðum við þjóðveginn í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi eru helstu kostir þess að færa brúna yfir Fellsá neðar og stytta þjóðveginn.

1. Þjóðvegurinn styttist um hátt í kílómetra þar sem krókur er tekinn af honum. Það er að sjálfsögðu umhverfisvænt og eykur öryggi vegfarenda verulega.
2. Vegurinn færir sunnar og samkvæmt bændum á svæðinu færir hann á svæði þar sem eru mun minni sviptivindar enda yrði hann mun fjær fjöllum. Sérlega vindasamt hefur verið við Reynivelli og algengt að bílar fjúki þar út af.
3. Vegurinn liggur nú undir brattri fjallshlíð að hluta en færir þaðan og minnkar því hættan sem stafar af grjóthruni og skriðuföllum.
4. Brúin yfir Fellsá færir suður fyrir Hrollaugshóla og myndast því náttúruleg vörn gegn flóðum í ánni þar sem áin mun alltaf renna í gegnum Hrollaugsskarð og áhlaup árinna í flóði yrði þá fram hjá brúnni.
5. Vegagerð er hlutfallslega ódýr þarna þar sem undirlag er mjög gott frá náttúrunnar hendi (grófur árframburður Fellsár) og allt efni til vegagerðar á staðnum.
6. Þjóðvegur 1 liggur nú ofan við (norðan við) Halatorfuna austan Reynivalla og er þar á löngum kafla í brattri fjallshlíð og vegurinn hlýtur að verða færður suður fyrir Halatorfuna á næstu áratugum. Síðast féll stórgryti á þjóðveginn fyrir um tveimur árum auk þess sem þjóðvegurinn hefur sigið þarna um 1,5 metra á síðustu 25 árum. Nýi vegakaflinn myndi liggja mun betur við þessari breytingu sem er óumflýjanleg. Að öðrum kosti kæmi mun krappari beygja á þjóðveginn í framtíðinni ef nýja brúarstæðið verður þar sem það er í dag.

Ég legg til að sveitarfélagið skoði þennan kost sem er hagkvæmur til allrar framtíðar fyrir skattgreiðendur og vegfarendur út frá fjárhags- og öryggissjónarmiðum. Þótt ákvörðunarvald liggi hjá Vegagerðinni er mikilvægt að sveitarfélagið komi sínum sjónarmiðum á framfæri.

Undirritaður hefur fundað með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar og komið á framfæri skoðun landeigenda á Reynivöllum 2 varðandi þennan vegarkafla um land þeirra.

Mynd af svæðinu fylgir með í viðhengi.

Bestu kveðjur,

Skúli Gunnar Sigfússon

Reynivöllum 2

Suðursveit